

Telja þeir ýms vandasöm atriði koma þá til greina, sem ekki gæti í venjulegum akstri bifreiða.

Að áliti réttarins skiptir það ekki máli með tilliti til refsingar fyrir ölvun við bifreiðaakstur, hvort bifreiðin gengur fyrir sinni eigin gangvél eða er dregin af annari bifreið. Ber því að heimfæra brot kærða undir 9. gr., sbr. 14. gr., bifreiðalaganna nr. 70, 1931 og 20. gr. áfengislaga nr. 64, 1930.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella með 10 daga einföldu fangelsi.

Svo ber og að svifta kærðan leyfi til að stjórna bifreið æfilangt, með því að hann hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur hinn 13. marz 1931 verið sviftur leyfi til bifreiðaaksturs um 3 mánuði fyrir samskonar brot.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Dráttur sá, sem á málinu hefir orðið, stafar af önnum dómars.

Föstudaginn 23. nóv. 1934.

Nr. 143/1934. **Sigurður Berndsen** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Þórði J. Thoroddsen (Enginn).

Staðfestingardómur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 9. maí 1934: Stefndur, Þórður J. Thoroddsen, greiði stefnandanum, Sigurði Berndsen, kr. 5000,00 með 6% ársvöxtum frá 25. febr. 1934 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 42,75 í afsagnarkostnað og kr. 422,50 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 13. sept. þ. á., er hefir verið löglega birt

fyrir stefnda sama dag, en er málið var þingfest í hæstarétti 31. f. m., mætti stefndi eigi og enginn af hans hendi, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins, og með því að málsskjölin eigi bera það með sér, að neinir þeir gallar séu á meðferð málsins, er útiloki það, að staðfestingarkrafa áfrýjanda verði tekin til greina, þá ber að staðfesta dóminn.

Stefndi hafði tekið út áfrýjunarstefnu til breytingar á dóminum og með því veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til að áfrýja til staðfestingar, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur staðfestist.

Stefndi, Þórður J. Thoroddsen, greiði áfrýjanda, Sigurði Berndsen, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 19. f. m. af Sigurði Berndsen, Grettisgötu 71, hér í bæ, gegn Þórði J. Thoroddsen, lækni, Túngötu 12, hér í bænum til greiðslu víxils að upphæð kr. 5000,00 útgefins 25. nóv. f. á. af Þórarni Vigfússyni, Skerjafirði, og samþykkt af Halldóri Sigurðssyni, Þverveg 36 við Skerja-

fjörð, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands h/f hér í bæ 25. febr. s. l., en á vixli þessum er stefndur Þórður ábekingur og var vixillinn afsagður vegna greiðslufalls 26. febrúar.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér upphæð vixilsins, kr. 5000,00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{8}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 42,75 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarks-gjaldskrá málaflutningsmannafélagsins, kr. 422,50.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt að allega algerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Byggir stefndur sýknukröfuna á því, að hann hafi skrifað upp á umræddan vixil fyrir samþykkjanda með því skilyrði, að samþykkjandi vixilsins innleysti ekki síðar en 3. dez. f. á. tvo vixla, annan að upphæð kr. 1400,00, hinn að upphæð kr. 2000,00, er hann (stefndur) kveðst hafa verið ábyrgðarmaður á fyrir hann. Kveður stefndur samþykkjanda hafa gefið sér skriflega yfirlýsingu um þetta og hafi samþykkjandi sýnt stefnanda yfirlýsingu þessa, er hann afhenti honum vixilinn, en skilyrðinu hafi ekki verið fullnægt. Þá kveðst stefndur og sjálfur hafa í viðtali við stefnanda 12. jan. s. l. tjáð honum, að samþykkjandi hefði ekki heimild til að ráðstafa vixlinum og varað stefnanda við að kaupa hann. Telur stefndur að af framanskráðu sé það ljóst, að stefnandi hafi, er hann fékk vixilinn, verið mala fide um ráðstöfunarheimild samþykkjanda að honum og komi því ekki til mála að hann við kaupin hafi öðlzt nokkurn rétt á hendur sér samkvæmt vixlinum.

Þá hefir stefndur véfengt, að stefnandi hafi gefið fullt nafnverð fyrir vixilinn og krafizt þess til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða þá upphæð, sem stefnandi hafa sannanlega keypt hann fyrir.

Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt framangreindum varnarástæðum stefnds og haldið fast við kröfur sínar í málinu. Heldur hann því ákveðið fram, að honum, er hann keypti vixilinn, hafi ekki verið kunnugt um, að nokkrar hömlur hafi verið lagðar á meðferð hans, enda hafi vixillinn ekki borið neitt slíkt með sér.

Í réttarhaldi í máli þessu 18. f. m. óskaði stefndur eftir

14 daga framhaldsfresti til að leiða samþykkjanda víxilsins sem vitni um þau atriði, sem greind eru hér að framan og stefndur byggir varnir sínar á, en áður hafði samþykkjandanum verið stefnt til að mæta sem vitni í réttarhaldi 11 f. m., en þá mætti hann ekki og var því gert að greiða þingvitisbætur, svo og úrskurðaður að viðlögðum þingvitisbótum til að mæta í næsta réttarhaldi, er haldið var í málinu á eftir eða 18 f. m., en þá mætti hann heldur ekki. Umræddri frestbeiðni mótmælti stefnandi og lögðu aðilarnir ágreininginn undir úrskurð eða málið í dóm ef synjað yrði um frestinn.

Með tilliti til þess, að samþykkjandi mætti ekki til vitnaleiðslu í þau tvö skipti, sem greind eru hér að framan, svo og þar sem ekki verður álitid, að vitnisburður hans geti ráðið úrslitum í málinu, þá verður frestbeiðni stefnds ekki tekin til greina, en dómur látinn ganga í málinu.

Þá lítur rétturinn svo á, þar sem stefnandi hefir hinn unstefnda víxil í höndum með formlega löglegri heimild, að framangreindar varnarástæður stefnds séu ekki þess eðlis, að þeim verði komið að í víxilmáli og verða þær því ekki teknar til greina hér og ber þá að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti. Hinsvegar geymist stefndum eftir kröfu hans réttur til þess, að koma fram í sérstöku máli, hverskonar kröfum út af umræddum víxli.

Föstudaginn 23. nóv. 1934.

Nr. 37/1934. **Pálína Jóhannsdóttir**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Sölva Valdimarssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 18. sept. 1933: Ef barnsmóðirin, Pálína Jóhannsdóttir, Siglufirði, innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður